

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð 2004:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Skúli Björn Gunnarsson. Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfísráðuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: Guðrún Kvaran. Til vara: Þóra Björk Hjartardóttir.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands. Stofnunin hefur með höndum fjármál nefndarinnar.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

Á heimasíðu örnefnanefndar (www.islenskan.is/ornefnanefnd.html) má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, megin sjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur, nöfn nefndarmanna og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru níu fundir í örnefnanefnd árið 2004.

Nöfn býla

Tilkynning um nafn nýbýlis:

Örnefnanefnd bærust á árinu formlegar tilkynningar um 23 nöfn.

Eftir umfjöllun í nefndinni voru 13 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum, 7 erindum var vísað frá og 3 var hafnað.

Nokkuð er um að tilkynnt sé til örnefnanefndar um nöfn á fasteignum í dreifbýli sem hvorki eru lögbýli né lögheimili eigenda. Slík erindi heyrja ekki undir úrskurðarsvið örnefnanefndar og er vísað frá. Það gerðist í sjö tilvikum á árinu. Nefndin endurbætti á árinu leiðbeiningar sínar á eyðublaði á vef nefndarinnar fyrir tilkynningu um nafn nýbýlis í því skyni að skerpa á leiðbeiningum til borgaranna um þetta efni.

Stundum er einnig misbrestur á að fólk láti skjöl, sem staðfesta eignarrétt eða býlisstofnun, fylgja tilkynningum sínum og verður þá að ganga eftir þeim áður en erindin eru afgreidd en fyrir kemur að mál falla sjálfkrafa niður þegar nauðsynleg skjöl skila sér ekki.

Algengasta ástæða þess að örnefnanefnd getur ekki fallist á nafn, sem tilkynnt er um og heyrir undir úrskurðarsvið nefndarinnar, er að fyrir er annað býli eða skráð fasteign í sama umdæmi sýslumanns með sama nafn eða svipað og hætt sé þess vegna við nafnabrenslum; hér er vísað til 5. og 8. gr. laga um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum og 5. gr. reglugerðar nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar. Á árinu reyndi í annað sinn af sama tilefni á þá vinnureglu nefndarinnar frá 27. maí 2003 um túlkun samnefnaákvæðisins að eintölumynd og fleirtölumynd sama nafns gætu gengið í sama sýslumannsumdæmi en ekki mismunandi samsetningaraðferðir úr sömu nafnliðum. Tilkynnt hafði verið um nafn sem var samsett með stofnsamsetningu en í sama sýslumannsumdæmi er jörð með nafn sem myndað er af sömu nafnliðum en með eignarfalls-samsetningu. Niðurstaða nefndarinnar var að nöfnin væru svo lík að hætt væri við nafnabrenslum í skilningi bæjanafnalaganna.

Einni nafntilkynningu á árinu var hafnað með vísan til þess að nafnið samrýmdist ekki staðháttum. Í bréfi til málsaðila segir m.a.: „Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl.,

segir að við upptöku nýnefna skuli gæta þess að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Örnefnanefnd hefur kynnt sér staðhætti í landi [...] og telur að ekki sé unnt að fallast á tilkynningu um nafnið [...] á býli í svo flötu landslagi þar sem það nafn sé við þær aðstæður andstætt nafngiftahefð, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 35/1953 og 4. gr. reglugerðar nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar.“ Málsaðili nýtti sér rétt sinn til að skjóta niðurstöðunni til menntamálaráðuneytis sem óskaði 15. september eftir afstöðu örnefnanefndar og umsagnar um kærana. Nefndin svaraði ráðuneytinu 30. september.

Beiðni um breytingu á nafni býlis:

Örnefnanefnd fékk á árinu fimm formleg erindi um nafnbreytingar á býlum. Tvær nafnbreytingar voru heimilaðar en þremur erindum var hafnað og alls staðar með þeim rökum að fyrir væri annað býli eða skráð fasteign með sama nafni í sama sýslumannsumdæmi, sbr. 5. og 8. gr. laga um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum og 5. gr. reglugerðar nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar.

Eftirtalin nöfn á býlum voru tekin upp árið 2004:

Goðatún. Úr landi Reykjavalla í Bláskógabyggð.

Nesbakki. Úr landi Heiðar í Rangárþingi ytra.

Tröð. Úr landi Gerða í Rangárþingi eystra.

Ásbrekka. Úr landi Burstabrekku í Ólafsfirði.

Lyngbær. Úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Blesastaðir II A. Úr landi Blesastaða II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Flugumýri I. Úr landi Flugumýrar í Akrahreppi.

Ásbrú. Úr landi Áss I í Ásahreppi.

Mörk. Úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Reiðholt. Úr landi Meiri-Tungu í Rangárþingi ytra.

Ásamýri. Úr landi Austurkots í Sveitarfélaginu Árborg.

Kerhólar. Úr landi Skrauthóla á Kjalarnesi.

Heklumörk. Úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra.

Árnanes V. Nafnbreyting. Áður Árnanes III í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Miðhjáleiga. Nafnbreyting. Áður Voðmúlastaðamiðhjáleiga í

Rangárþingi eystra.

Landakort og vegvísar

Örnefnanefnd úrskurðaði 13. febrúar í þeim ágreinings- eða álitaefnum hvort setja ætti á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra: 1) örnefnið Jökuldalur eða Nýidalur, sunnan við Tungnafellsjökul; 2) örnefnið Lockstindur eða Lokatindur, norðnorð-vestur af Öskju; 3) örnefnið Wattsfell eða Vatnsfell, sunnan við Öskju. Úrskurður nefndarinnar er svohljóðandi:

„Skv. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl., og 7. gr. reglugerðar um störf örnefnanefndar, nr. 136, 22. febrúar 1999, ber örnefnanefnd að úrskurða um hvaða örnefni verða sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Til nefndarinnar var skotið þeim ágreinings- eða álitafnum hvort setja eigi á slík landakort: 1) örnefnið Jökuldalur eða Nýidalur, sunnan við Tungnafellsjökul; 2) örnefnið Lockstindur eða Lokatindur, norðnorðvestur af Öskju; 3) örnefnið Wattsfell eða Vatnsfell, sunnan við Öskju. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 136/1999 var ágreiningsefnið auglýst í dagblöðum (21.-22. desember 2003) og í Lögbirtinga- blaðinu (31. desember 2003) til þess að hverjum þeim sem teldi sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi kæmu, gæfist færi á að kynna örnefnanefnd álit sitt. Auglýsingin var jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi sveitarstjórnnum (Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Ásahreppi og Rangárþingi ytra; einnig f.h. landeigenda), menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 136/1999. Gefinn var frestur til 31. janúar 2004 til að skila inn ábendingum sem að haldi gætu komið við undirbúning úrskurðarinnar.

Skrá um greinargerðir og ábendingar sem bárust:

Jökuldalur/Nýidalur: Greinargerð málshefjanda, dags. 6. nóv. 2003; skriflegar ábendingar eftir birtingu auglýsingar: ábending dags. 22. des. 2003, ábending dags. 2. jan. 2004, ábending dags. 7. jan. 2004, ábending dags. 10. jan. 2004, ábending dags. 16. jan. 2004, ábending dags. 24. jan. 2004, ábending dags. 30. jan. 2004 og ábending og greinargerð með fylgiskjölum, samantektum og yfirlitum um birtingu nafnanna á kortum Landmælinga Íslands, dags. 30. jan. 2004.

Lockstindur eða Lokatindur: Fundargerð örnefnanefndar frá 6. feb. 1941, ósk um úrskurð, dags. 24. sept. 2003, greinargerð málshefjanda, dags. 20. nóv. 2003; skriflegar ábendingar eftir birtingu auglýsingar: ábending dags. 7. jan. 2004, ábending dags. 10. jan. 2004, ábending dags. 24. jan. 2004, ábending dags. 29. jan. 2004, ábending og greinargerð með fylgiskjölum, samantektum og yfirlitum um birtingu nafnanna á kortum Landmælinga Íslands, dags. 30. jan. 2004, og ábending dags. 31. jan. 2004.

Wattsfell eða Vatnsfell: Fundargerð örnefnanefndar frá 6. feb. 1941, ósk um úrskurð, dags. 24. sept. 2003, greinargerð málshefjanda, dags. 20. nóv. 2003; skriflegar ábendingar eftir birtingu auglýsingar: ábending dags. 7. jan. 2004, ábending dags. 10. jan. 2004, ábending ásamt heimildaskrá og tilvitnunum dags. 20. jan. 2004, ábending dags. 24. jan. 2004, ábending dags. 29. jan. 2004, ábending og greinargerð með fylgiskjölum, samantektum og yfirlitum um birtingu nafnanna á kortum Landmælinga Íslands, dags. 30. jan. 2004, og ábending dags. 31. jan. 2004.

Örnefnanefnd hefur nú fjallað um nafnsetninguna í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram hafa komið.

Í úrskurði örnefnanefndar vegur rithefð örnefna á kortum hlutfallslega þyngra en önnur sjónarmið enda er verkefni nefndarinnar að úrskurða um nafnsetningu á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra.

Örnefnanefnd lagði mat á kosti og galla þeirrar aðferðar við nafnsetningar að birta á korti tvö örnefni um sama stað en annað nafnið haft í sviga. Þar var m.a. höfð hliðsjón af úrskurði menntamálaráðuneytis, dags. 20. desember 1999, þess efnis að á landakortum, sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, skuli standa Hverfjall (Hverfell). Í eftirfarandi úrskurði er þessi leið farin í öllum þremur tilvikum.

Jökuldalur/Nýidalur

Sýnt hefur verið fram á að þeir Bárðdælingar, sem fyrstir könnuðu dalinn 1845, nefndu hann Jökuldal en þeir segja m.a.: „Héldum við svo um morguninn úr þessum nýja Jökuldal [sem við svo nefndum]“ (11. jan. 1847). Á kortum Landmælinga og eldri kortum hefur Jökuldalsnafnið lengst af verið notað.

Hins vegar er einnig mjög löng hefð fyrir Nýjadalsnafninu manna á meðal og á síðari árum kemur það einnig fyrir á kortum ásamt Jökuldalsnafninu. Ábendingar sýna að Nýidalur er nú vel þekkt nafn meðal almennings. Nægileg rök, m.a. öryggissjónarmið, mæla að mati örnefnanefndar með því að nafnið Nýidalur standi á kortum ásamt Jökuldalsnafninu. *Í ljósi kortahefðar er eðlilegt að Jökuldalur standi utan sviga en Nýidalur innan sviga.*

Lockstindur/Lokatindur og Wattsfell/Vatnsfell

Sumir telja að Þorvaldur Thoroddsen hafi viljað kenna tindinn við Charles G. Warnford Lock sem ferðaðist um Ísland 1878 og 1880 og fellið við William Lord Watts sem kannaði Öskju 1875. Þorvaldur lést 1921 svo að nöfnin Lockstindur og Wattsfell eru orðin til fyrir þann tíma. Samkvæmt ferðalýsingu Heinrichs Erkes (1912), sem ferðaðist um Öskjувæðið með syni sínum 1910, kusu þeir að kenna fellið við Watts og nefndu það „Wattsbjærg“. Lockstindur og Wattsfell eru því án efa upprunaleg nöfn eins og einnig má sjá af fundargerð örnefnanefndar 1941 hér á eftir.

Hinn 6. febrúar 1941 ályktaði örnefnanefnd að í nafnsetningu við gerð korta kæmi Lokatindur í stað Lockstindur og Vatnsfell í stað Wattsfell. Í fundargerð kemur fram að þar var fjallað um „nokkur uppdráttablöð, sem herstjórn Breta hefir látið gera af þeim hlutum landsins, sem áður voru mældir af Geod. Inst, en uppdrættir óprentaðir af. Rætt var um nöfn á uppdráttunum, en nokkur þeirra hafa útlendir ferða- og fræðimenn gefið, og eru sum þeirra óíslenzk að myndun og hljómi. – Nefndin lítur svo á, að nafngiftir útlendinga hér á landi verði því aðeins gild [svo], að þau [svo] séu í fullu samræmi við íslenzkar nafngiftarreglur. Þess vegna telur hún rétt að breyta þeim nöfnum, sem hér segir:

Á blaði 84. – (Askja): [...]
 Wattsfell –“ – Vatnsfell
 Lockstindur –“ – Lokatindur“

Lockstindur og Wattsfell birtust þó á Atlasblaði 84 mælikvarða 1:100 000 frá 1943 (= Islands Kortlægning) og 1945. Lokatindur og Vatnsfell hafa hins vegar birst á kortum síðan 1946: Aðalkorti 8 mælikvarða 1:250 000 frá 1946 og 10 sinnum eftir það; Atlasblaði 84 frá 1969 og 7 sinnum eftir það; Ferðakorti 3 mælikvarða 1:250 000 frá 2003.

Umboð örnefnanefndar til að ákvarða nafnsetningar á landakort var annars eðlis árið 1941 en nú er skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953, með síðari breytingum. Örnefnanefnd lítur því svo á að ákvörðun örnefnanefndar 1941 geti ekki bundið hendur þeirrar nefndar sem starfar eftir núgildandi lögum. Eigi að síður vegur ákvörðun örnefnanefndar 1941 þungt í því úrskurðarefni sem nú liggur fyrir, ekki síst vegna þeirrar kortahefðar sem skapast hefur vegna hennar.

Niðurstaðan er sú að örnefnanefnd tekur til endurskoðunar ákvörðunina frá 1941 þar sem Vatnsfell og Lokatindur voru sett inn í stað Wattsfell og Lockstindur. *Þess í stað skuli standa Lokatindur og Vatnsfell utan sviga, í ljósi kortahefðar, en Lockstindur og Wattsfell innan sviga.*

Úrskurður

Örnefnanefnd úrskurðar að á landakortum, sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, skuli standa:

Jökuldalur (Nýidalur)

Lokatindur (Lockstindur)

Vatnsfell (Wattsfell).“

Örnefnanefnd veitti 17. desember að beiðni einkafyrirtækis umsögn um nafn á fyrirhuguðum vegi sem fyrirtækið áformar að leggja.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu umsagnir um nöfn tveggja sveitarfélaga. Önnur var vegna nafnbreytingar og hin vegna sameiningar sveitarfélaga.

Annað

Á fundi sérfræðingahópsins UNGEGN (United Nations Group of Experts on Geographical Names) 20.-29. apríl kom fram sú ósk yfirstjórnar og skrifstofu að önnur norræn lönd en Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð tækju virkan þátt í samstarfinu og sæktu fundi og ráðstefnur á vegum UNGEGN. Sérfræðingahópurinn starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna og fjallar um samræmingu landfræðilegra nafna. Örnefnanefnd ákvað 30. september að Svavar Sigmundsson yrði tilnefndur af hálfu Íslands til að sækja fund sérfræðingahópsins næst þegar hann yrði kallaður saman. Utanríkisráðuneytið gefur út fulltrúabréf fyrir einn fund í senn. Er þetta í fyrsta sinn sem Ísland tekur ákvörðun um þátttöku í starfi hópsins.

Lyngási 7, Garðabæ
17. febrúar 2005

ÖRNEFNANEFND

Ari Páll Kristinsson
formaður